

AUGLÝSING um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar, Kaupún.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 20. apríl 2016 breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. apríl 2016.

Í breytingunni felst að svæði verslunarkjarna í Kaupúni stækkar til austurs um 1,2 ha á kostnað íbúðasvæðis í Urriðaholti. Svæði Kaupúns verður 27,5 ha. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,23 í 0,29 þar sem heildarbyggingarmagn er aukið úr 61.200 m² í 80.000 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 20. apríl 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2016